

Ályktun 45. þings BSRB um frumvarp um breytingar á lögum um sölu áfengis og tóbaks

45. þing BSRB hvetur þingmenn til að hafna frumvarpi um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, sem hefur það að markmiði að afnema einkaleyfi Áfengis og tóbaksverslunar ríkisins til sölu á áfengi. Að mati þingsins hafa engin haldbær rök komið fram sem styðja framgang þessa máls og 45. þing BSRB minnir á að almenningur á Íslandi hefur með afgerandi hætti lýst stuðningi sínum við óbreytt fyrirkomulag.

Ekki er vitað um þau áhrif sem aukið aðgengi að áfengi myndi hafa á áfengisneyslu hér á landi, en þekkt eru dæmi frá öðrum þjóðum sem ekki eru til eftirbreytni. Evrópuskrifstofa Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar sendi embætti Landlæknis bréf á sínum tíma og lýsti yfir áhyggjum yfir mögulegum afleiðingum þess ef einkasala íslenska ríkisins á áfengi yrði aflögð. Evrópuskrifstofan telur að mjög líklega muni áfengisneysla aukast, sérstaklega meðal ungs fólks, viðkvæmra hópa og þeirra sem drekka mikið. Markmið frumvarpsins snúa ljóslega að því að koma sölu áfengis á einkamarkað og tryggja einkaaðilum arð af sölunni. 45. þing BSRB lýsir yfir eindreginni andstöðu við slík áform.

Í núgildandi lögum um verslun með áfengi og tóbak er smásölu áfengis markaður skýr lagarammi þar sem meðal annars er fjallað um samfélagsleg ábyrgð og lýðheilsuþætti. Markmið laganna er einnig í samræmi við markmið samþykkrar stefnu stjórnvalda í áfengi og vímuevörnum til ársins 2020. Með því að leyfa smásölu áfengis á einkamarkaði yrði unnið gegn þeim góða árangri sem náðst hefur í lýðheilsuárum á Íslandi.

Verulega hefur dregið úr áfengisneyslu ungmenna á síðustu árum og er þeim árangri stefnt í hættu verði frumvarp þetta að lögum. 45. þing BSRB tekur undir umsagnir sem áður hafa komið fram um samskonar frumvarp, þar sem fram kemur að verði slíkt frumvarp samþykkt séu líkur á aukinni áfengisneyslu og þá sérstaklega meðal ungs fólks. Allar líkur benda til þess að slík aukning myndi jafnframt fela í sér aukinn kostnað vegna velferðarmála sem fellur á ríki og sveitarfélög.